

Heilindalína Alcoa

Forysta með heilindum



Ef þú tekur ákvarðanir með heilindi í huga nærðu árangri því þú einbeitir þér að því að breyta rétt.

ROY HARVEY, forstjóri



Starfsreglur Alcoa eru vegvísir fyrir forystu með heilindum og tryggja að við uppfyllum viðmið okkar og veita okkur leiðbeiningar í því að „breyta rétt“ hvar svo sem við stundum viðskipti í heiminum. Náðu í reglurnar á <https://myalcoa.alcoa.com/Code> eða hafðu samband við mannauðsdeild til að óska eftir afriti.

HVERNIG GET ÉG HAFT SAMBAND VIÐ HEILINDALÍNUNA?

Notfærðu þér einhverja af aðferðunum að neðan til að hafa samband við Heilindalínuna:



SÍMI:

Hringdu í gjaldfrjálsa númerið að neðan sem skráð er fyrir þitt land

Land	Símanúmer Heilindalínu
Ástralía	1-800-00-2806
Brasíla	0800-891-2552
Kanada	Enska: 800-346-7319 Franska: 866-269-7644
Kína	Aðeins fyrir farsíma:
Ungverjaland	
Ísland	800-8301
Ítalía	800-784-622
Holland	0800-022-4053 Aðeins fyrir farsíma: 0800-292-9203
Noregur	800-12-410
Spánn	900-95-1247 Aðeins fyrir farsíma: 900-822-547
Súrínám	1. skref: 156 2. skref: 866-269-7649
Swiss	0800-56-4358
Sáadí-Arabía	
Bandaríkin	1-800-346-7319

Hringdu **ENDURGJALDSLAUST**,
hvenær sem er sólarhringsins



VEFSÍÐA:

www.AlcoaEthicsandCompliance.com



PÓSTFANG:

Alcoa Ethics and Compliance Organization
201 Isabella Street Pittsburgh, PA 15212
Bandaríkjunum



TÖLVUPÓSTUR:

EthicsandCompliance@alcoa.com

AD LEITA AÐSTOÐAR

Pú gætir lent í aðstæðum sem valda þér áhyggjum eða þar sem valið er ekki augljóst. Alcoa býr yfir mörgum úrræðum sem geta veitt þér aðstoð:

- Yfirmaður þinn eða leiðtogi
- Mannauðsteymi
- Aðalmiðstöð siðareglna og reglufylgni
- Lögræðideild
- Heilindakempa þín
- Heilindalína
- Sérfræðingar á tilteknum sviðum (t.d. fjármálum fyrirtækja, endurskoðun, innkaupum)

HVAÐ ER HEILINDALÍNA ALCOA?

Heilindalínan stendur þér til boða hvar sem er í heiminum ef þú þarft á ráðleggingum að halda eða vilt vekja athygli á áhyggjuefni. Hún er í boði allan sólarhringinn, alla daga vikunnar og á mörgum tungumálum. Allir geta hringt, án endurgjalds. Skila má inn tilkynningum á netinu á:

www.AlcoaEthicsandCompliance.com

Heilindalínan er, eins og leyfilegt er samkvæmt staðbundnum lögum, önnur leið til að tilkynna grun um brot á vinnustað eða til að fá ráðgjöf varðandi viðeigandi viðskiptahætti.

HVENÆR GET ÉG NOTAÐ HEILINDALÍNUNA?

Háð staðbundnum lögum, hafðu samband við heilindalínuna ef þú:

- Þarfnast ráðlegginga eða hefur spurningu
- Vilt vekja athygli á vandamáli eða áhyggjuefni
- Vaktir athygli á vandamáli eða áhyggjuefni og varst ekki ánægður með úrlausnina
- Ert óviss um hvert skal leita að upplýsingum
- Liður ekki vel með að nota eitt af úrræðunum



HVERS VEGNA ER HEILINDALÍNAN MIKILVÆG?

Heilindalínan er staður sem þú getur nýtt þér til að fá ráðgjöf eða tilkynna áhyggjuefni. Notkun Heilindalínunnar verndar starfsmenn okkar, viðskiptavini, birgja og fyrirtæki okkar gegn óviðeigandi og skaðlegu misferli.

STEFNA ALCOA UM BANN VIÐ HEFNDARAÐGERÐUM

Alcoa leggur blátt bann við hefndaraðgerðum. Enginn getur gripið til aðgerða gegn þér ef þú spyrð spurninga eða vekur athygli á áhyggjuefni í heiðvörðum tilgangi. Ef þér finnst að þú eða einhver samstarfsmanna þinna sæti hefndaraðgerðum skaltu tilkynna slíkt án tafar. Alcoa tekur allar ásakanir um hefndaraðgerðir alvarlega og mun rannsaka hratt og örugglega allar slíkar. Ef fyrirtækið kemst að því að hefndaraðgerðir hafi átt sér stað er gripið til viðeigandi viðurlaga. Ef falskar upplýsingar eru vísitandi veittar í gegnum Heilindalínuna gæti sá sem tilkynnir þær þurft að sæta viðurlögum.

HVAÐ GERIST ÞEGAR ÉG TILKYNNI HLUTI?

Allar staðhæfingar um brot gegn starfsreglum Alcoa, stefnum, verkferlum og lögum eru skoðaðar og rannsakaðar eins og nauðsynlegt er lögum samkvæmt og samkvæmt rannsóknarviðmiðum Alcoa.

- Óháð fyrirtæki tekur við öllum tilkynntum vandamálum og áhyggjuefnum og kemur þeim tafarlaust til aðalmiðstöðvar Alcoa um siðareglur og reglufylgni (E&C) til eftirfylgni.
- Tilkynnandinn fær einkakóða sem hann/hún getur nýtt sér til að fá fregnir af stöðu rannsókna. Tilkynnandinn getur fengið fregnir með því að hringja í Heilindalínuna, skoða veftilkynningarsvæðið eða hafa samband við rannsóknaraðilann.
- E&C stýrir rannsóknum á málefnum sem ekki ætti að skoða á staðnum. Þegar við á sendir E&C skýrslur beint til tiltekinnar starfsstöðvar Alcoa til rannsókna.
- Rannsóknir fara fram skjótt, rækilega og á leyfilegan máta. Flóknar rannsóknir kunna að taka lengri tíma.

- Samstarf og sannsögli allra aðila skiptir öllu máli í ferlinu.
- Auðkenni tilkynnandans njóta trúnaðar meðan á ferlinu stendur og eru þau aðeins afhjúpuð heimiluðum aðilum, þegar nauðsynlegt er, til að framkvæma rannsóknina eða eins og nauðsynlegt er lögum samkvæmt.
- Starfsmenn sem eru nefndir í skýrslunni fá tilkynningu um rannsóknina eins og nauðsynlegt er landslögum samkvæmt og þegar viðeigandi er meðan á rannsókninni stendur.
- Háð landslögum kann tilkynnandinn og starfsmenn sem nefndir eru í skýrslunni að eiga rétt á aðgangi, leiðréttingu og eyðingu ónákvæmra eða óviðkomandi gagna sem snerta málið.
- Upplýsingarnar sem tengjast rannsókninni eru geymdar í þann tíma sem nauðsynlegur er til að ná fram rannsóknartengdum athöfnum, leysa hugsanleg lagaleg málefni og vegna skýrslugerðar. Í ákveðnum tilvikum kunna upplýsingarnar einnig að verða látnar í hendur rektar-/auðlindaæiningu og stjórn samstæðunnar.

HVERS KONAR MÁLEFNI ÆTTI ÉG AÐ TILKYNNNA?

Hafðu samband við Heilindalínuna með spurningar og áhyggjuefni er tengjast:

- Bókhaldi, innra eftirliti með bókhaldi og endurskoðun
- Mútum, spillingu og bakgreiðslum
- Brotum gegn samkeppnislögum og löggjöf gegn auðhringjum
- Mismunum eða einelti
- Brotum gegn stefnu UHÖ
- Brotum gegn mannréttindum
- Öryggisögnunum á sviði upplýsingatækni
- Innherjaviðskiptum eða uppljóstrun trúnaðarupplýsinga
- Brotum gegn hugverkaréttindum og óheimilaðri uppljóstrun hugverkaupplýsinga
- Óréttmætri eða misnotkun á eignum fyrirtækisins
- Efnislegri öryggishættu
- Öllum öðrum brotum á lögum eða stefnu fyrirtækisins